# 30. háskólaþing Háskóla Íslands

# haldið 18. nóvember 2022

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00-13.05 | Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum. |
| Kl. 13.05-13.20 | Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands. |
| Kl. 13.20-14.20 | Dagskrárliður 2. Sjálfbærniáherslur stefnu Háskóla Íslands 2021-2026, HÍ26 (60 mín.).<br>Málsmeðferð:<br>a) Inngangur. Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar (10 mín.).<br>b) Fyrsta sjálfbærniskýrsla Háskóla Íslands. Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir, Lára Hrönn Hlynsdóttir, verkefnisstjóri hjá Stofnun Sæmundar fróða, og Sólrún Sigurðardóttir, verkefnisstjóri hjá framkvæmda- og tæknisviði (30 mín.).<br>c) Umræður (20 mín.). |
| Kl. 14.20-14.35 | Kaffihlé (15 mín.) |
| Kl. 14.35-15.30 | Dagskrárliður 3. Skipulag, framkvæmdir og samgöngur á háskólasvæðinu (55 mín.)<br>Málsmeðferð:<br>a) Þróunaráætlun fyrir svæði Háskóla Íslands. Samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins (10 mín.).<br>b) Framkvæmdir, samgöngur og bílastæði á háskólasvæðinu (Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs (25 mín.).<br>c) Umræður (20 mín.). |
| Kl. 15.30 | Rektor slítur háskólaþingi |

## Kl. 13.00-13.05
## Setning háskólaþings

Rektor setti háskólaþing og bauð þingfulltrúa velkomna. Greindi hann frá því að þetta væri 30. háskólaþing Háskóla Íslands, en fyrsta háskólaþing, sem þá hét háskólafundur, var haldið 4.-5. nóvember 1999 og var viðfangsefni þess að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Haldnir voru 25 háskólafundir, en árið 2008 var nafninu breytt í „háskólaþing“ og er þetta, eins og áður sagði, 30. þingið, eða ef allt er talið hið 55.

Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla

Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana Háskóla Íslands og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Tæplega 100 manns eru boðuð til þessa háskólaþings.

Fundargerð síðasta háskólaþings sem haldið var 8. júní sl. var send fulltrúum á háskólaþingi. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

Loks fól rektor Magnúsi Diðrik Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.

**Kl. 13.05-13.20**
**Dagskrárliður 1**
**Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands.**



















HÍ
Fjármunir í samstarf háskóla
▪ Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur ákveðið að setja 2 milljarða kr. Í að ýta undir samstarf, nýsköpun og framfarir á háskólastiginu
▪ Háskólarnir hafi frumkvæði í greiningu á samstarfsmöguleikum og sjálfstæði í vali verkefna sem styðja við nýsköpun og framfarir á háskólastigi
▪ Nauðsynlegt er að a.m.k. einn samstarfsaðili sé íslenskur háskóli
▪ Til viðbótar geta samstarfsaðilar verið fleiri háskólar, stofnanir eða fyrirtæki
▪ Verkefnum þarf að ljúka innan 24 mánaða
▪ Opnað var fyrir umsóknir í byrjun nóvember og er umsóknarfrestur til 5. desember nk.
▪ Úthlutað verður allt að 1 ma.kr. fyrir árslok 2022 og sömu fjárhæð 2023


HÍ
12 áherslur
Bætt stjórnsýsla, aukin gæði náms og betri þjónusta við námsmenn
1. Aukið samstarf um stjórnsýslu og stoðþjónustu skólanna með það að markmiði að draga úr yfirbyggingu
2. Samstarf um aukin gæði háskólanáms, ekki síst á meistara- og doktorsstigi, þar sem nemendur geta tekið í auknum mæli áfanga í fleiri en einum háskóla og kennarar kennt við fleiri en einn háskóla
3. Fjármögnun á þróun og innleiðingu sameiginlegrar umsóknargáttar háskólanna í gegnum Ísland.is
Háskóli í þágu samfélags
4. Samstarf um fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum, m.a. með áherslu á snjallvæðingu og færnibúðir sem létta á starfsnámi innan heilbrigðisstofnana og auðvelda fjölgun nemenda
5. Samstarf um fjölgun nemenda í menntavísindum, m.a. með áherslu á menntun leikskólakennara og aukið framboð fagháskólanáms
6. Samstarf um aukna áherslu á STEAM greinar, þ.e. vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði


HÍ
12 áherslur
Háskóli í þágu samfélags
7. Samstarf um fjölgun erlendra stúdenta, m.a. með kennslu fleiri námsgreina á ensku með það að markmiði að fleiri erlendir nemendur geti lokið gráðunámi á Íslandi
8. Samstarf um nám óháð staðsetningu, m.a. með aukinni áherslu á framboð fjarnáms
9. Samstarf um sjálfbærni með áherslu á hlutverk háskóla í að hafa uppbyggileg áhrif á umhverfi, stjórnarhætti og samfélag
Öflugri rannsóknir, nýsköpun og miðlun þekkingar
10. Samstarf háskóla, stofnana og fyrirtækja um nýtingu rannsóknarinnviða.
11. Samstarf um eflingu íslenskra háskóla í að sækja fram á alþjóðavettvangi.
12. Samstarf til eflingar íslensku og máltækni.


HÍ
Staða mála og næstu skref
▪ Forsetar fræðasviða safna saman hugmyndum frá grasrótinni
▪ Rektor og forsetar fræðasviða forgangsraða umsóknum


HÍ
Ísland tók við stjórn NUS á þessu ári


HÍ
NORDIC UNIVERSITY DAYS 2022
EVENT REPORT
NORDIC UNIVERSITY DAYS
2022
Nordic University Days 2022
haldnir í Brüssel 26.-27. september 2022
• Viðburður á vegum NUS sem HÍ leiðir nú í fyrsta sinn
• Mikilvægt framlag til að styrkja stöðu norrænna háskóla innan evrópska menntasvæðisins
• Tækifæri til að kynna styrkleika norrænu háskólanna á sviðum á borð við sjálfbærni, jafnrétti og mannréttindi


HÍ


HÍ
Aurora samstarfið
AURORA


HÍ
Um Aurora
• Samstarfsnet stofnað 2016
• Tíu evrópskir alhliða rannsóknaháskólar með háan áhrifastuðul
• Vinna saman að auknum samfélagslegum áhrifum náms og rannsókna
• Háskóli Íslands er leiðandi í Aurora; rektor HÍ er forseti Aurora, HÍ stýrir rannsókna og nýsköpunarhluta samstarfsins og Alma Ágústdóttir er forseti Aurora stúdentaráðsins
aurora-universities.eu
AURORA


HÍ
Aurora háskólarnir
1. Háskóli Íslands
2. VU Amsterdam
3. University of East Anglia
4. Copenhagen Business School
5. University Duisburg-Essen
6. Palacký University Olomouc
7. University of Innsbruck
8. University of Rovira i Virgili
9. University of Naples Federico II
10. University Paris-Est Créteil













**Kl. 13.20-14.20**
**Dagskrárliður 2**
**Sjálfbærniáherslur stefnu Háskóla Íslands 2021-2026**

Fyrst tók til máls Steinunn Gestsdóttir og fór hún yfir sjálfbærniáherslur í heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, HÍ26.





























Næst kynnti Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir, fyrstu sjálfbærniskýrslu Háskóla Íslands, en auk hennar tóku Lára Hrönn Hlynsdóttir, verkefnisstjóri hjá Stofnun Sæmundar fróða, og Sólrún Sigurðardóttir, verkefnisstjóri hjá framkvæmda- og tæknisviði, þátt í ritun skýrslunnar.







Hvað er sjálfbærni og sjálfbær þróun?
HÍ
„Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum" (Our Common Future, 1987)
Áhersla lögð á að sjónarmið samfélags og náttúru standi jafnfætis þeim efnahagslegu
Þrjár meginstoðir sjálfbærrar þróunar: samfélagsmál, efnahagur og umhverfi/náttúra sem allar tengjast innbyrðis
Efnahagsvöxtur
Þolanlegt
Réttlátt
Sjálfbærni
Verndun umhverfisins
Lífvænlegt
Félagsleg velferð og jöfnuður


Hvað er sjálfbærni og sjálfbær þróun?
HÍ
Sjálfbærnihugtakið hefur þróast
Efnahagslegur vöxtur getur ekki farið út fyrir þau endanlegu mörk sem vistkerfi jarðar setja okkur
Snýst sjálfbærni bara um náttúru og umhverfi?
Hvað er sjálfbærni og sjálfbær þróun?
ECONOMY
SOCIETY
BIOSPHERE


Hvað er sjálfbærni og sjálfbær þróun?
HÍ
Sjálfbærnihugtakið hefur þróast
Efnahagslegur vöxtur getur ekki farið út fyrir þau endanlegu mörk sem vistkerfi jarðar setja okkur
Snýst sjálfbærni bara um náttúru og umhverfi?
Nei, en vistkerfi jarðarinnar eru undirstaða þess að sjálfbærni verði náð
Sjálfbærni er tengd heilsu og vellíðan, félagslegu réttlæti og efnahagslífi.
Sjálfbær þróun leggur áherslu á mikilvægi heildarsýnar og langtímahugsun
skyndiákvarðana og gróða
Hvað er sjálfbærni og sjálfbær þróun?
ECONOMY
SOCIETY
BIOSPHERE


Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
HÍ
HEIMSMARKMIÐIN
Heimsmarkmiðin í hnotskurn
voru samþykkt af öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og gilda á tímabilinu 2016-2030
eru leiðarvísir fyrir ríki til að takast á við stórar áskoranir á borð við hnattræna hlýnun, sárafátækt og ójöfnuð þar sem hugað er að tækifærum fyrir alla og verndun jarðarinnar
eru 17 talsins með alls 169 undirmarkmið
snúast um samþættingu efnahags, samfélags og umhverfis sem eru þrjár stoðir sjálfbærni
eru algild, ríki hafa skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að þeim innanlands og erlendis
eru samofin og samverkandi og geta því haft jákvæð og neikvæð áhrif á hvert annað
hafa þau einkunnarorð að undanskilja enga hópa eða einstaklinga í innleiðingunni
krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda sem og fjölmargra samráðs- og samstarfsaðila
Heimild: Verkfærakista heimsmarkmiðanna fyrir sveitarfélög. Forsætisráðuneytið, 2021


Tilgangur sjálfbærniskýrslu HÍ
HÍ
Fylgja eftir HÍ26 en háskólinn vill vera leiðandi þegar kemur að sjálfbærni í kennslu, rannsóknum, rekstri, samstarfi og þjónustu við samfélagið.
Taka saman stöðu sjálfbærni innan HÍ út frá mismunandi starfsemi
Kynna og auka skilning innan og utan HÍ á sjálfbærni og heimsmarkmiðunum.
Nýta skýrslu fyrir alþjóðlega matslista háskóla
Leggja mat á umbætur og koma auga á tækifæri - nýta skýrsluna til að gera enn betur í sjálfbærni við Háskóla Íslands!
Tilgangur sjálfbærniskýrslu HÍ


Aðdragandinn
HÍ
Sjálfbærninefnd og rektor fela Stofnun Sæmundar fróða verkefnið sumarið 2022
Kynnt fyrir rektor, aðstoðarrektoru
og sviðsstjórum í lok ágúst
Aðdragandinn
Sjálfbærni og fjölbreytileiki er ein af fjórum megináherslum HÍ26:
Háskóli Íslands verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar
Háskóli Íslands taki forystu um sjálfbæra starfsemi og setji sér markmið um kolefnishlutleysi á stefnutímabilinu
Þekkingarsköpun, rannsóknir og kennsla við skólann hafa víðtæk áhrif og nýtast í þágu heimsmarkmiðanna
Áherslur í starfi skólans 2021-2026


Fyrsta sjálfbærniskýrsla HÍ: Hvaða nálgun er best að taka?
HÍ
SUSTAINABLE DEVELOPMENT GOALS
THE UNIVERSITY OF MANCHESTER SUSTAINABLE DEVELOPMENT GOALS
2021/22 REPORT
IMPACT RANKINGS


Fyrsta sjálfbærniskýrsla HÍ: Hvaða nálgun er best að taka?
HÍ
=6th
in the world for impact*
Sustainable Development Goals
Report 2020
Goal 4: Quality Education


Fyrsta sjálfbærniskýrsla HÍ: Hvaða nálgun er best að taka?
HÍ
=6th
in the world for impact*
Sustainable Development Goals
Report 2020
Goal 4: Quality Education


Okkar nálgun
HÍ
Ensure sustainable consumption and production patterns













Að framsögu lokinni gaf rektor orðið laust.

Fulltrúi háskólasamfélagsins í háskólaráði þakkaði fyrir framtakið og kynninguna. Tók fulltrúinn sérstaklega undir áhersluna á þverfræðileika náms og aðgengi nemenda að námskeiðum sem eru utan þeirra fagsviðs. Mikilvægt væri að horfa á málið í heild og af víðsýni.

Fulltrúi sameiginlegrar stjórnsýslu spurði um sérfræðing sem gerð væri tillaga um að ráða til starfa og spurði hvort áformað væri að viðkomandi geti einnig verið nemendum innan handar við gerð lokaverkefna.

Hafdís Hanna þakkaði fyrir gott innlegg og sagði það vera góða hugmynd að líta einnig til lokaverkefna nemenda.

Lára Hrönn bætti því við að fyrirliggjandi hugmyndir um starfssvið sérfræðings í sjálfbærnimálum væru ekki tæmandi og mikilvægt að viðkomandi hefði frumkvæði að því að útfæra starfssvið sitt.

Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs þakkaði fyrir vandaða skýrslu og sagði hana nú þegar hafa nýst vel í tengslum við skil á gögnum vegna matslista Times Higher Education. Skýrslan gæti einnig komið að góðum notum í Aurora-samstarfinu og tengingu fyrirhugaðs sameiginlegs náms Aurora-háskólanna við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Lára Hrönn lagði áherslu á að tillögur skýrslunnar væru ekki aðeins frá höfundum hennar heldur að miklu leyti fengnar úr viðamikilli könnun sem gerð var meðal starfsfólks Háskóla Íslands og um 130 manns svöruðu.

Forseti Menntavísindasviðs þakkaði fyrir góða skýrslu og kynningu. Sagði hún að skýrslan væri mikilvægt innlegg í stóra vegferð þar sem við eigum eftir að læra margt. Tók hún undir með fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráði um mikilvægi þverfræðilegs náms. Skýrt dæmi um þetta væri að finna á Menntavísindasviði þar sem byrjað er að ráða akademískt starfsfólk í

sameiginleg störf með öðrum fræðasviðum. Ýmsar hindranir væru þó enn á veginum því skipulag skólans byggir á afmörkuðum fræðigreinum. Þessar hindranir þurfi að yfirstíga því nauðsynlegt sé að geta ráðið starfsfólk til Háskóla Íslands þótt það sé með starfsskyldur við fleiri en eina deild.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs þakkaði fyrir frábæra skýrslu og kynningu og sagði hana bæði þarfa og tímabæra. Spurði hann hvort gera þurfi frekari úttektir á samgöngumátum. Nú væri forgangsraðað í þágu einkabílsins með því að leggja eitthvert verðmætasta byggingarland borgarinnar undir götur og bílastæði.

Sólrún tók undir með fulltrúa Félagsvísindasviðs og sagði áberandi margar ábendingar sem komu fram við gerð skýrslunnar tengjast samgöngum. Ef dregið yrði úr vægi bíla myndi það strax hafa veruleg áhrif á kolefnislosun Háskóla Íslands.

Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs sagðist vera mjög ánægður með skýrsluna og framsetningu hennar. Vísaði hann til þess að í kynningu skýrslunnar hafi m.a. verið rætt um að merkja efni á Háskólavefnum heimsmarkmiðunum. Þetta væri nú þegar byrjað að gera og í umfjöllun um rannsóknir við Háskólann væri alltaf vísað til viðkomandi heimsmarkmiða. Þessu starfi yrði haldið áfram. Loks nefndi hann fyrirlestraröðina „Háskólinn og heimsmarkmiðin“ sem haldin hafi verið fyrir nokkru og sagði það vera í skoðun að taka hana upp aftur eftir heimsfaraldurinn.

Forseti Hugvísindasviðs þakkaði fyrir skýrsluna og sagði hana vera afar mikilvægt framtak. Miklu máli skipti að spegla háskólastarfið í heimsmarkmiðunum, en jafnframt verði að setja valin viðfangsefni á oddinn, s.s. samgöngumál og kolefnislosun, enda væri kominn tími til að skoða af alvöru aðra samgöngumáta en einkabílinn. Einnig væri mikilvægt að lyfta því sem vel er gert á sviði sjálfbærnimála, eins og t.d. námsleiðina í umhverfis- og auðlindafræði.

Kjörinn fulltrúi nemenda vísaði til áskorunar Stúdentaráðs um loftslagsvána og spurði hvort yfirstjórn Háskóla Íslands hygðist lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum.

Kjörinn fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs lagði orð í belg varðandi umræðuna um hvort byggja ætti á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og sagði það góðra gjalda vert, en ef ekki yrðu skilgreind töluleg markmið væri hætt við að stefnan yrði ekki nógu skýr. Beindi hann þeirri spurningu til skýrsluhöfunda hver yrðu næstu skref í vinnunni.

Fulltrúi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum spurði hvort matseðillinn í Hámu samrýmdist markmiðum manneldisráðs og spurði hvernig unnt væri að ná þeim með sjálfbærum hætti.

Hafdís Hanna, Lára og Sólrún brugðust við framkomnum athugasemdum og ábendingum og sögðust vera sammála því að leggja þyrfti ríka áherslu á samgöngu- og umhverfismálin. Varðandi áhersluna á heimsmarkmiðin sögðu þau hana ekki síst til komna vegna þess hversu mikið væri byggt á þeim í stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, HÍ26. Einnig tóku þær undir ábendingu háskólaráðsfulltrúans um mikilvægi þverfræðilegs samstarfs og sögðu sjálfbærnimál vera þverfaglegt viðfangsefni í sjálfu sér. Þá tóku þær undir ábendinguna um tengingu heimsmarkmiðanna við töluleg markmið og sögðu tillögur nýju sjálfbærniskýrslunnar einmitt fela í sér ríka áherslu á töluleg og mælanleg markmið. Að endingu þökkuðu þær fulltrúa Árnastofnunar fyrir ábendinguna.

Aðstoðarrektor kennslumála og þróunar þakkaði fyrir góðar umræður og tók undir ábendinguna varðandi mælanlegu markmiðin og áhersluna á samgöngumálin og mikilvægi þess að draga úr kolefnisfótspori Háskóla Íslands. Sagði hún nýlega ráðningu stefnu- og gæðastjóra einnig þjóna þessum tilgangi, þ.e. að setja skýr mælanleg markmið og viðmið fyrir einstaka mælikvarða HÍ26.

Rektor svaraði spurningu fulltrúa nemenda og sagði að spurningin um hvort Háskólinn ætti að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum hefði verið rædd, en að svo stöddu yrði lögð áhersla á metnaðarfulla aðgerðar- og vinnuáætlun. Ekki væri rétt að gefa of stórar yfirlýsingar fyrr en það hefði verið gert. Háskóli Íslands væri á réttri leið í sjálfbærnimálum og það skipti mestu.

Að umræðu lokinni bar rektor upp tillögu að bókun:

„Háskólaþing fagnar fyrstu sjálfbærniskýrslu Háskóla Íslands. Skýrslan byggir m.a. á stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, HÍ26, Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og sjálfbærniáherslum AURORA samstarfsins sem Háskóli Íslands leiðir. Með skýrslunni er lagður grundvöllur að frekari sókn Háskóla Íslands í átt að sjálfbærni á öllum sviðum starfseminnar.“

– Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Hafdísar Hönnu Ægisdóttur, Láru Hrannar Hlynsdóttur, og Sólrúnar Sigurðardóttur, þau Silja Bára Ómarsdóttir, Jón Sigurður Pétursson, Halldór Jónsson, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Daði Már Kristófersson, Jón Örn Guðbjartsson, Ólöf Garðarsdóttir, S. Maggi Snorrason, Ólafur Ögmundarson, Gísli Sigurðsson og Steinunn Gestsdóttir.

**Kl. 14.20-14.35**
**Kaffihlé**

**Kl. 14.35-15.30**
**Dagskrárliður 3**
**Dagskrárliður 3. Skipulag, framkvæmdir og samgöngur á háskólasvæðinu.**

Fyrst tók til máls Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins.






## Heildarsýn fyrir svæði HÍ

- Markmið að skapa vistlegan „kampus“ með fólk í forgrunni



- Bíllaus borg í borg, þar sem byggingar raða sér meðfram garði og gengið/hjólað/skutlast er milli bygginga

## „Green Edge Campus“

**Þétt og samofin kjarnastarfsemi**

- Eflir samvinnu og samheldni

**Gæða garður sem teygir sig inn í byggð**

- Skapar vellíðan
- Styrkir séreinkenni svæðisins

**Jaðarbyggð**

- Stúdentagarðar & fjölbreytt þjónusta



„Green edge campus 2019“

## Nýjar forsendur: Sagan – aðsetur Menntavísindasviðs Andlit háskólans í vestur



## Nýjar forsendur- Menntatorfan

- Borgarráð hefur kallað eftir hugmyndum um þróun Hagatorgs sem almenningsgarðs eða almenningsrýmis, meðal annars í þágu skólanna í nágrenninu.
- Rýni á samgöngumálum og umferðaröryggi verði hluti af verkefninu með sérstakri áherslu á öruggar göngutengingar.



Mynd: Reykjavíkurborg

## Deiliskipulag Borgarlínu

Hanna og finnal lokastaðsetningar fyrir þrjár biðstöðvar á háskóla-svæðinu

Fjórða biðstöðin í Heilbrigðisvísindasviði /Landspítala




Frumdragaskýrsla Borgarlínu 2021

## Deiliskipulag borgarlínu

- Borgarlínan verður í sérrými á Suðurgötu
- Útfærslur við gatnamót og hringtorg geta breyst





Myndir: Borgarlínan

## Áframhaldandi samstarf Háskóla Íslands og Reykjavíkur

- Skipaður verður starfshópur sem hefur það hlutverk að uppfæra heildarsýnina þannig að hún nýtist sem lögformlegur grunnur fyrir einstaka deiliskipulags-áætlanir

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hrund Andradóttir, skipulagsnefnd
Kristinn Jóhannesson, framkvæmda- og tæknisviði
Magnús Diðrík Baldursson, rektorskrifstofu

Reykjavíkurborg

Ingvar Bates, skipulagsfulltrúi
Edda Ívarsdóttir, borgarhönnuður

- Ytri ráðgjafi: Orri Steinarsson arkítekt

jvantspijker & partners

## Dæmi um verkefni

- Skilgreina betur flæði fólks (gangandi og hjólandi) Sögu-Suðurgötu-Borgarlínu biðstöðva-hverfa
  - Grænir ásar
- Ásýnd Suðurgötu og borgarlínustöðva
- Þétting byggðar norðan Sögu




## Dæmi um verkefni

- Nýr Landspítali og hús heilbrigðis-vísinda
- Þróun fluggarða
- Bílastæðamál

Dæmi um verkefni





Næst tók Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs miðlægrar stjórnsýslu, til máls.
























## HÍF - ???

- Væntanlega verður haldin samkeppni um nafn á húsið
- Fyrirlestrarsalur og kennslurými
- Lesrými
- Bókasafn
- Sýningar opnar gestum







## Loftskeytastöðin

- Sýning um feril Vigdísar Finnbogadóttur og tengd starfsemi
- Byggingin öll uppgerð
- Nýir gluggar
- Endurnýjað þak
- Bætt aðgengi með lyftu milli hæða




## Samgöngur og bílastæði við HÍ

- Áætlað er að ferðum á Vatnsmýrarsvæðinu fjölgi úr 25.000 (2018) í 45.000 (2025) á dag
- Bílastæði við starfsstöðvar HÍ í Reykjavík eru um 2.000
  - Um 1.700 stæði á aðalsvæði HÍ
- Nýting bílastæða er mest fyrir hádegi og fer þá yfir 90%
  - Um miðjan dag fer nýtingin niður í 65% - 70%
  - Álagstoppar eru á morgnanna þegar nemendur sækja fyrirlestra
- Samkvæmt ferðave
  - 55% starfsmanna
  - 8% starfsmanna og 14% nemenda ferðast með Strætó
  - Aðrir ferðast með öðrum hætti, t.d. gangandi eða hjólandi

Samgöngur og bílastæði við HÍ




## Útvíkkun gjaldsvæða í Reykjavík

- Mikil nýting er á stæðum í nágrenni HÍ
- Yfir 90% nýting er á stæðum við Tjarnargötu og yfir 80% nýting á stæðum við Bjarkargötu
- Yfir 90 Sæmun Sturlugötu

Útvíkkun gjaldsvæða í Reykjavík




## Reykjavíkurborg útvíkkar gjaldsvæði bílastæða

- Gjaldskylda hjá Reykjavíkurborg færist nær
  - Tjarnargata og Bjarkargata að Hringbraut
  - Gjaldsvæði 2
- Veldur þrýstingi á gjaldfrjáls stæði
- Nú þegar flæða utanaðkomandi aðilar inn á stæði við HÍ
  - Starfsmenn annarra fyrirtækja og stofnana
  - Viðskiptavinir aðila í nágrenni HÍ
  - Verktakar sem nota stæði við HÍ sem safnstæði



## Gjaldskylda á bílastæðum Landspítala

- Landspítalinn hefur tekið gjaldskyldu á öllum stæð...
- Starfsmenn HÍ og nemendur fá undanþágu á bláu stæðunum út 2023
- Á rauðu stæðunum er alltaf tekið gjald
  - Þau eru fyrst og fremst ætluð sjúklingum og gestum sem eiga erindi á spítalann.

Gjaldskylda á bílastæðum Landspítala




## Gjaldskylda á bílastæðum Grósku og Vísindagarða

- Í Grósku er tekið gjald fyrir bílastæði í kjallara
- Vísindagarðar hafa sett upp tímabundið gjaldskylt bílastæði á malarplani
- Borgin hefur ekki lokið við gerð Bjargargötu og Torfhildargötu en göturnar eiga að ná út á Eggertsgötu
- Heyrst hefur að Íslensk erfðagreining muni loka stæðum hjá sér eða hefja gjaldtöku
- Verið er að setja lokun á bílastæði við Öskju þannig að óviðkomandi taki ekki öll stæðin á morgnana
  - Starfsmenn, nemendur og þjónustuaðilar munu geta komist inn á stæðin með aðgangskorti sínu




## Tímabundin biðstöð Strætó við Stapa

- Strætó hefur óskað eftir því að fá tímabundna aðstöðu fyrir endastöð nokkurra leiða hjá HÍ
  - 2 til 3 ár
- Þessar leiðir höfðu áður endastöðvar á Hlemmi
  - Leið 2: Hlemmur-Mjódd
  - Leið 6: Hlemmur-Egilshöll
  - Um 10 vagnar á klst.
- Til stendur að gera breytingar á Hlemmi í tengslum við uppbyggingu Borgarlínu
  - Þar verða ekki endastöðvar í framtíðinni
- Sú tillaga sem hugnast HÍ og Strætó best er að gera tímabundnar biðstöðvar við Stapa
  - Það mun hafa í för með sér fækkun um 13 bílastæði sem er töluvert minna en tillaga um að nýta hluta af malarstæði í Vatnsmýrinni



## Framtíðarplön almenningssamgangna

- Þétt net strætisvanga
- Aðalleiðir með há tíðni
  - 10 mín eða minna milli ferða
- Safnleiðir á 10 til 15 mínútna fresti
- Aðrar leiðir á meira en 15 mínútna fresti



## Framtíðarplön almenningssamgangna – nýtt leiðanet

- Nú eru brottfarir á klst. á annatíma í hvora átt:
  - 4 á Suðurgötu
  - 17 á Hringbraut
- Í nýju kerfi verða þær
  - 26 á Suðurgötu
  - 18 á Hringbraut


















Að framsögum loknum gaf rektor orðið laust.

Fulltrúi nemenda í háskólaráði spurði hvort möguleiki væri á að hluti af tekjum vegna gjaldtöku fyrir bílabæði gæti verið nýttur til að styrkja sjálfbærnimarkmið Háskóla Íslands.

Kjörinn fulltrúi nemenda ræddi málefni Vatnsmýrarinnar og Reykjavíkurflugvallar og hvatti til þess að á svæði núverandi Fluggarða yrðu byggðir stúdentagarðar fyrir fjölskyldur.

Fulltrúi í háskólaráði lýsti ánægju með þá metnaðarfullu áætlun sem kynnt hefði verið og sagði vonandi að hún gengi eftir. Spurði hann hvernig fatlaðir myndu komast um háskólasvæðið ef bílaumferð yrði takmörkuð umtalsvert og lagði til að byggð yrðu bílastæðahús og boðið upp á rafskutlur um svæðið, sem er stórt.

Forseti Hugvísindasviðs sagði að á framkomnum skipulagshugmyndum væri lítt útfært hvernig fyrirkomulag Skeifunnar framan við Aðalbyggingu gæti orðið og spurði hvort hún ætti e.t.v. að verða hluti af vatnsverndarsvæði Vatnsmýrarinnar.

Rektor svaraði því að ekkert hefði verið ákveðið um framtíð Skeifunnar. Í fyrstu hugmyndum að nýju skipulagi hefði verið gert ráð fyrir byggingum í Skeifunni, en á nýrri myndum væri horfið frá því. Þetta væri stór ákvörðun sem ræða þyrfti betur.

Kristinn brást við spurningu fulltrúa nemenda um ráðstöfun tekna vegna mögulegrar gjaldtöku fyrir bílastæði og sagði að þótt Háskóli Íslands hefði fengið heimild til að innheimta stöðugjöld væru skólanum þröngar skorður settar varðandi ráðstöfun teknanna. Þær mætti nota til að reka stæðin og uppbyggingu vistvænna samgöngumöguleika, en ekki til almenns rekstrar. Vel kæmi til álita að nýta slíkar tekjur fyrir uppbyggingu vistvænna ferðamáta. Varðandi aðgengi fyrir fatlaða sagði Kristinn grundvallarmál að tryggja aðgengi fyrir alla. Þetta kæmi ekki fram á myndunum sem kynntar voru og sama gilti t.d. um aðkomuleiðir fyrir vöruflutninga, en gætt yrði að þessu við frekari útfærslu.

Formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins sagði myndirnar sýna almenna framtíðarsýn og ekkert hefði verið ákveðið varðandi Skeifuna. Ljóst væri að framkvæmdir í tengslum við framtíðarsýnina yrðu dýrar og Háskóli Íslands hefur ekki mikla möguleika á að fjárfesta í landmótun. Varðandi mögulega byggingu hjónagarða á Fluggarðasvæðinu sagði formaðurinn um að ræða borgarland og Háskólinn gæti ekki ráðstafað því einhliða.

Kristinn bætti því við að það væri áhugi hjá borginni að skipuleggja Fluggarðasvæðið fyrir stúdentagarða og það gilti einnig um aðra mögulega byggingarreiti á jaðri háskólasvæðisins.

Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs þakkaði fyrir umræðuna og flotta framtíðarsýn. Sagði hann Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. nýlega hafa tekið upp gjaldskyldu fyrir bílastæði og væri eðlilegt að slík innleiðing tæki nokkurn tíma og mætti einhverri andstöðu. Varðandi gjaldskyldu ætti Háskólinn að fara gætilega í sakirnar og taka hófleg skref. Einnig þyrfti að hafa í huga þarfir foreldra með börn, fatlaðra, vöruflutninga o.s.frv. Þegar farið væri í breytingar sem þessar skipti miklu máli að halda öllum vel upplýstum um það sem framundan er.

Deildarforseti Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar fagnaði þeirri framtíðarsýn sem kynnt hefði verið á þinginu. Benti hún á að á háskólasvæðinu væri mikið af grænum svæðum og kjörið að nýta það að hluta fyrir nytjagróður.

Kjörinn fulltrúi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sagði að mikið hefði verið rætt um að koma upp læstum skýlum fyrir reiðhjól við Öskju. Hvatti hann til þess að þeirri vinnu yrði hraðað eins og kostur er. Bætt aðstaða fyrir hjólreiðafólk væri til þess fallin að hvetja fleiri til að nota þennan vistvæna samgöngumáta.

Kjörinn fulltrúi nemenda lýsti ánægju með metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir háskólasvæðið. Sagði hann jákvætt að gert væri ráð fyrir þéttu skipulagi, en áfram verði þó mikilvægt að gera ráð fyrir stærri rýmum fyrir viðburði á borð við Októberfest.

Kjörinn fulltrúi nemenda og varaforseti Stúdentaráðs sagði mikilvægt að samið yrði við Strætó um hagstæð kjör fyrir nemendur áður en gjaldskylda fyrir bílastæði yrði innleidd.

Starfandi deildarforseti Deildar menningar og margbreytileika sagði að góð stundatöflugerð skipti miklu máli til að fyrirliggjandi plön um greiðar og vistvænar samgöngu gangi eftir. Til dæmis geti verið skynsamlegt að hefja ekki kennslu fyrir kl. 9 á morgnana svo foreldrar geti skutlað börnum í leikskóla o.s.frv. Einnig lagði hann til að byggt verði nýtt íþróttahús.

Kristinn sagði að farið verði á fullt við hönnun og byggingu hjólaskýla á háskólasvæðinu og stefnt að því að taka þau í notkun fyrir árslok 2023. Varðandi gjaldtöku fyrir bílastæði sagði hann að ef ekki væri unnt að innleiða gjaldtöku af starfsfólki og nemendum haustið 2023 yrði allavega hafin gjaldtaka af öllum öðrum. Þannig væri hægt að vinna tíma ef á þyrfti að halda.

Varðandi bílastæðahús sagði Kristinn að vestan við rannsóknahúsið á Landspítalalóðinni væri gert ráð fyrir 500 bíla húsi og fleira væri í bígerð. Væntanlega væri þó ekki pláss fyrir fleiri slík hús á spítalalóðinni. Erfitt væri að sjá fyrir sér að Háskóli Íslands hefði fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í byggingu bílastæðahúsa á háskólalóðinni.

Hrund sagði að Reykjavíkurborg legði áherslu á bílastæðahús og þyrfti Háskóli Íslands að eiga samtal við borgina um þau mál. Varðandi rafskutlur sagði Hrund að nokkur fjöldi þeirra væri við Hámu og hefði það gefið góða raun og verði haldið áfram. Um pláss fyrir stóra viðburði á borð við októberfest sagði Hrund að engin ástæða væri til að óttast að þrengt yrði að slíku þótt það yrði e.t.v. ekki á bílastæðaflæmi. Fjölmörg önnur heppileg svæði væru á jaðri háskólasvæðisins.

Kristinn tók undir þá ábendingu fulltrúa nemenda að útfærsla strætópassa þyrfti að liggja fyrir áður en tekin verði upp gjaldskylda. Halda verði áfram viðræðum við Strætó og einnig við nágrannasveitarfélögin til að tryggja að allir geti keypt strætópassa fyrir hóflegt gjald. Varðandi stundaskrárgerð væri vissulega ein leið að byrja kennslu seinna á morgnana, en einnig mætti dreifa kennslunni betur og nýta um leið betur byggingar skólans. Bygging nýs íþróttahúss væri vissulega mikilvægt mál en það væri þó ekki á áætlun sem stendur.

Að umræðu lokinni bar rektor upp tillögu að bókun:

„Háskólaþing fjallaði í dag um skipulag, framkvæmdir, samgöngur og bílastæðamál á háskólasvæðinu og beinir því til háskólaráðs að fylgja eftir þeim hugmyndum sem kynntar voru á þinginu, m.a. á grundvelli heildarstefnu skólans, HÍ26, og sjónarmiðum sem fram komu á þinginu.“

– Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Hrundar Ólafar Andradóttur og Kristins Jóhannessonar, þau Brynhildur Ásgeirsdóttir, Andri Már Tómasson, Þorvaldur Ingvarsson, Ólöf Garðarsdóttir, Kristinn Jóhannesson, Hrund Ólöf Andradóttir, Sigurður Magnús Garðarsson, Helga Bragadóttir, Halldór Geirsson, S. Maggi Snorrason, Gréta Dögg Þórisdóttir, Ólafur Páll Jónsson, .

Fleira var ekki gert og þakkaði rektor öllum sem höfðu framsögu á þinginu og þeim sem tóku þátt í umræðum fyrir þeirra framlag og sleit háskólaþingi kl. 15.30.

**Útsend gögn fyrir 30. háskólaþing 18. nóvember 2022:**

1. Fundargerð 29. háskólaþings 8. júní 2022.
2. Dagskrá 30. háskólaþings 8. nóvember 2022.
3. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.